

# **Ferðamannalandið Ísland:**
# Mjúk- eða magalending?

Greiningardeild Arion banka
25. september 2018

# Efnisyfirlit


- **Helstu niðurstöður (bls. 3)**
- **Úr krútti í kraftakarl (bls. 4)**
- **Rekstrarumhverfi flugfélaga og áhrif á fjölda ferðamanna (bls. 16)**
- **Sviðsmyndir Greiningardeildar um fjölda ferðamanna (bls. 30)**
- **Áhættan er niður á við (bls. 35)**
- **Á eftir flugi kemur gisting: Erum við búin að byggja of mikið af hótelum? (bls. 46)**
  - Hvernig stendur hótelmarkaðurinn í erlendum samanburði (bls. 64)
  - Deiliheimilin ryðja sér til rúms (bls. 73)
  - Rekstur gististaða þyngist (bls. 78)
- **Skjótt skipast veður í lofti (bls. 84)**

# Helstu niðurstöður

- **Umsvif íslensku flugfélaganna** hafa mikið að segja um þróun fjölda og samsetningu ferðamanna hér á landi. Aukinn straumur ferðamanna til landsins hefur haldist í hönd við ört stækkandi leiðarkerfi félaganna.
- **Flugfargjöld hafa ekki fylgt eldsneytisverði eftir að það tók að hækka árið 2016.** Horfur eru á að stóru íslensku flugfélögin borgi með hverjum farþega á þessu ári, þróun sem gengur ekki til lengdar. Flugfargjöld eru einfaldlega of ódýr og þau þurfa að hækka. Greiningar á verðteygni ferðamanna og flugleggjum benda til þess að hækkun flugfargjalda gæti leitt til fækkunar ferðamanna, sérstaklega ef krónan helst áfram sterk.
- **Við gerum ráð fyrir lítilli fjölgun ferðamanna til landsins á næstu árum**. Í grunnsviðsmynd fjölgar ferðamönnum um 1,4% á næsta ári og 2,4% árið 2020. Spá okkar er mikilli óvissu háð og teljum við að áhættan sé meiri niður á við. Sem dæmi, ef vöxtur hlutfalls skiptifarþega heldur áfram í svipuðum takti og á þessu ári gæti ferðamönnum fækkað á næsta ári. Þá getur vaxandi spenna í alþjóðaviðskiptum hægt á vexti farþegaflutninga á heimsvísu, þróun sem skiptir verulegu máli fyrir Ísland.
- **Á síðasta ári stóðu hótel undir helmingi allra skráðra gistinátta hér á landi.** Langflestar hótelgistinætur hafa verið á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum en landsbyggðarhótel hafa verið að sækja aukna hlutdeild, einna helst á Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi.
- **Fjölgun hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki haldið í við fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands.** Samhliða því hefur meðaldvalartími á hótelum á höfuðborgarsvæðinu styst verulega og nýting hefur rokið upp. Í erlendum samanburði eru nýtingarhlutföll og verð afar há. Engu að síður hefur rekstur hótela þyngst og vísbendingar um að sú þróun muni halda áfram á þessu ári.
- Fjölgun ferðamanna umfram framboðsaukningu á hótelum hefur skapað grundvöll fyrir Airbnb að sækja til sín markaðshlutdeild. Nýjustu tölur benda aftur á móti til þess að **umsvif Airbnb séu að dragast saman og fækkaði Airbnb gistinóttum** verulega yfir sumarmánuðina.
- Útlit er fyrir að sterk króna og hátt verðlag hafi **ekki stytt dvalartíma ferðamanna jafn mikið og áður var talið**, þar sem ferðamenn hafa sótt í auknum mæli í ódýrari gistikosti, s.s. Airbnb. **Neysla á hvern ferðamann í krónum hefur aftur á móti dregist saman en haldið nokkurn veginn velli í erlendri mynt**. Þróunin er mismunandi eftir þjóðernum og eru sum þjóðerni viðkvæmari en önnur.
- **Fyrir þjóðarbúið í heild sinni fer neysluhegðun ferðamanna að skipta meira máli en áður þar sem ekki er lengur hægt að treysta á að tekjuvöxtur ferðaþjónustunnar komi í gegnum aukinn fjölda ferðamanna.**



# Úr krútti í kraftakarl

Á undraskömmum tíma hefur ferðaþjónustan farið úr því að vera smá í sniðum yfir í stærstu útflutningsgrein landsins.

# Öskubuskusagan sem allir þekkja

## Ferðamönnum fjölgar og fjölgar og árstíðarsveiflan minnkar og minnkar










Heimildir: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Hlutur ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu hefur tvöfaldast

## Síðustu þrjú ár má ætla að um 23% atvinnuvegafjárfestingar hafi verið vegna ferðaþjónustu







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Vægi ferðaþjónustu í VLF er ekki í fullkomnu samræmi við ferðaþjónustureikninga Hagstofunnar þar sem flutningar með flugi fá meira vægi hér en í ferðaþjónustureikningunum.

# Fá ríki eiga jafn mikið undir ferðaþjónustu og Ísland

## Flest ríkin ofar á lista einkennast af litlu flatarmáli, hvítum ströndum og skattaskjólum




Heimildir: WTTC. * Skv. ferðaþjónustureikningum Hagstofunnar til að hafa samanburðarhæf gögn.

# Bataferlið hefði gengið mun hægar…

## Efnahagsuppgangurinn á Íslandi hefur verið í sérflokki, mikið til vegna vaxtar ferðaþjónustunnar




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# … og viðskiptajöfnuðurinn væri ekki svipur hjá sjón

Afgangur af þjónustuviðskiptum, sem er fyrst og fremst til kominn vegna ferðaþjónustunnar, hefur borið uppi viðskiptaafganginn. Líklega er greiningin hér að neðan þó of ónákvæm, þar sem ekki er tekið tillit til áhrifa ferðaþjónustunnar á innflutninginn.

Tekjur af erlendum ferðamönnum
- ma.kr. á föstu gengi




Sviðsmynd um viðskiptajöfnuð hefðu ferðaþjónustutekjur aukist um 5% á ári
- ma.kr. á föstu gengi




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Áætlun Greiningardeildar.

# Ferðaþjónustan hefur staðið undir fjölgun starfa

## Launþegum í einkennandi greinum ferðaþjónustu hefur fjölgað um 15 þúsund á einum áratug







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Fyrir hverja 100 ferðamenn hefur orðið til eitt nýtt starf

Fjölgun ferðamanna og ferðaþjónustustarfa hefur haldist vel í hendur. Tölurnar fyrir annan ársfjórðung benda til þess að hægari fjölgun ferðamanna sé farin að hafa áhrif á vinnumarkaðinn.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka. * Ferðamenn um Keflavíkurvöll.

# Fleiri fyrirtæki, ekki stærri

Svo virðist sem starfafjölgunin í ferðaþjónustunni sé ekki síður tilkomin vegna fjölgunar fyrirtækja en stækkunar. Í harðnandi árferði er líklegt að fréttir af samrunum, hagræðingu og gjaldþrotum færist í aukana.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. *Myndin inniheldur fjölda skráðra fyrirtækja og félaga skv. fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og endurspeglar því ekki fjölda fyrirtækja í atvinnustarfsemi. Myndin inniheldur því ekki upplýsingar um fjölmarga einstaklinga í atvinnurekstri.

# Ferðamenn eru sífellt mikilvægari kúnnahópur

## Um 40% af veltu í veitingasölu má rekja til ferðamanna, tæplega 60% í leigustarfsemi




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Áætlun Greiningardeildar um framleiðsluvirði árið 2017. Flokkun ferðaþjónustureikninga og þjóðhagsreikninga er ekki nákvæmlega eins og því um námundum að ræða.

# Úr bílstjórasætinu í skottið

## Útlit er fyrir að aðrar útflutningsgreinar vaxi umtalsvert meira en ferðaþjónustan á þessu ári, sem endurspeglast í minnkandi hlutdeild ferðaþjónustunnar í útflutningstekjum

Hlutdeild í útflutningi




Vöxtur útflutningstekna á föstu gengi




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. *M.v. hagspá Greiningardeildar frá í júlí.

# Hægari vöxtur hefur lengi verið ljós

## Hversu hratt þessi þróun hefur átt sér stað hefur aftur á móti komið á óvart og höfum við reglulega þurft að færa niður ferðamannaspánna fyrir árið í ár

### Fjöldi erlendra ferðamanna
- ársbreyting




### Neysla á hvern erlendan ferðamann
- þ.kr. og ársbreyting




### Ferðamannaspá Greiningardeildar
- í milljónum og ársbreyting




Heimildir: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka



# Rekstrarumhverfi flugfélaga og áhrif á fjölda ferðamanna

Í tilfelli lítilla eyríkja skiptir flugframboð höfuðmáli fyrir framgang ferðaþjónustunnar. Flugrekstur er viðsjárverður og íslensku flugfélögin hafa farið úr meðbyr í mótbyr á skömmum tíma.

# Átta af hverjum tíu farþegum um Keflavíkurflugvöll eru á vegum íslensku flugfélaganna

## Vægi þeirra í að flytja ferðamenn inn til landsins gæti þó verið eitthvað lægra sökum þess að þau eru einu félögin með skiptifarþega



Heimildir: ISAVIA, Greiningardeild Arion banka

# Af Evrópuþjóðum er Ísland háðast innlendum flugfélögum

## Tvær aðrar Norðurlandaþjóðir ná inn á lista þeirra 15 landa þar sem vægi innlendra flugfélaga er mest




Heimildir: Anna aero, Greiningardeild Arion banka

# Umsvif íslensku félaganna hafa aukist mikið

## Útlit fyrir að íslensku félögin flytji hátt í átta milljónir farþega í ár




Heimildir: Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka
*CAGR

# Fjölgun ferðamanna hefur fylgt auknum umsvifum flugfélaganna

## Hlutfallslega meiri vöxt í komum ferðamanna árin 2014 og 2015 en sem nemur auknum umsvifum flugfélaganna má líklega skýra af auknu flugframboði erlendra flugfélaga




Heimildir: Icelandair Group, WOW air, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Vægi skiptifarþega í farþegasamsetningu hefur breyst mikið á skömmum tíma

## Sérstaklega hjá WOW air þar sem samsetningin er orðin svipuð og hjá Icelandair. Það hefur að miklu leyti verið á kostnað farþega til landsins.







Heimild: Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka

# Þetta sést einnig í farþegatölum frá Keflavíkurflugvelli

## Ef spá ISAVIA gengur eftir fara á þessu ári fjórir af hverjum tíu farþegum einungis í gegnum flugstöð Leifs Eiríkssonar en koma ekki inn í landið




Heimild: ISAVIA. Skiptifarþegi er flugfarþegi sem einungis millilendir á Keflavíkurflugvelli á leið sinni milli Evrópu og N-Ameríku.

# Eldsneytisverð og flugfargjöld hafa ekki haldist í hendur

Þegar heimsmarkaðsverð fór að lækka fylgdu flugfargjöld í kjölfarið. Það hefur hinsvegar ekki verið raunin frá því olíuverð tók að stíga aftur.




Heimildir: Bloomberg, Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka. Einingatekjur = Tekjur / Tekjuskapandi sætiskílómetrar (RPK), áætlun Greiningardeildar fyrir einingatekjur WOW air á fyrri helming 2018

# Flugliðurinn í VNV segir sambærilega sögu

## Í ágúst síðastliðnum voru flugfargjöld 40% ódýrari en á sama tíma 2014






Heimildir: Hagstofa Íslands, Bloomberg, Greiningardeild Arion banka

# Samkeppnin á Atlantshafsmarkaðnum hefur harðnað

## Að miklu leyti vegna lággjaldaflugfélaga en vægi þeirra var 0,5% árið 2013 samanborið við 9,5% um síðustu áramót






Heimildir: OAG, Icelandair Group, Greiningardeild Arion banka

# Litlir fiskar í stórri tjörn

## Smæðar sinnar vegna, hafa íslensku félögin lýst sér sem verðtökum á markaði






Heimild: OAG, Greiningardeild Arion banka

# Styrking krónunnar og launaskrið hefur skekkt samkeppnishæfni

## Launakostnaður félaganna er að miklu leyti í íslenskum krónum






Heimildir: Bloomberg, Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka

# Tveir stærstu kostnaðarliðir flugfélaganna hafa vaxið umtalsvert meira en tekjur á síðastliðnum árum

## Samanlagt hlutfall launa- og eldsneytiskostnaðar stefnir í að verða rúmlega helmingur tekna á þessu ári







Heimild: Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka

# Samhliða óhagstæðri þróun áhrifaþátta hefur afkoman versnað

## Áætlanir Icelandair Group og WOW air gera ráð fyrir að rekstrartap (EBIT) ársins verði um þúsund krónur á hvern flugfarþega




Heimildir: Icelandair Group, WOW air, Greiningardeild Arion banka. 2018 T12M = Síðastliðnir tólf mánuðir
Miðgildi áætlunar Icelandair Group að viðbættri spá Greiningardeildar um afskriftir



# Sviðsmyndir Greiningardeildar um fjölda ferðamanna

Ekki spurning um hvort heldur hversu mikið hægir á fjölguninni.

# Grunnsviðsmynd okkar gerir ráð fyrir mjög lítilli fjölgun ferðamanna á næstu árum

## Byggt á gefnum forsendum um þróun flugframboðs og áframhaldandi vexti hlutfalls skiptifarþega

Grunnsviðsmynd, fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll
- árstölur og aukning, milljónir






Heimild: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Með framboðsskelli gætum við farið rúm tvö ár aftur í tímann

## Svartsýn sviðsmynd: Samdráttur sem samsvarar öllu framboði stórs flugfélags




Heimild: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Minni sveiflur eru í bjartsýnu sviðsmynd okkar en þeirri svartsýnu

## Bjartsýn sviðsmynd: Rekstur flugfélaganna batnar og þau vaxa áfram, meðal annars til Asíu




Heimild: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Sviðsmyndirnar eru þrjár, mögulegar útkomur eru fleiri

## Ef flugfargjöld hækka og krónan helst áfram sterk gætum við séð niðurstöðu á gráa svæðinu milli grunnsviðsmyndar og svartsýnnar sviðsmyndar






Heimildir: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka



# Áhættan er niður á við

Hvaða áhrif getur það haft ef flugfargjöld hækka verulega?

Hvað ef það hægir á heimshagkerfinu?

# CHEAPEST - ICELAND - GETTING THERE IS A BREEZE



getting there is. Food and accommodation is more expensive that you'd imagine, however if you're smart about it then thanks to the cheap flights, your overall journey costs will remain below average.

Home | Destinations | *The Flights Are Cheap, But Iceland Is Expensive. Here's How to Budget.*

## The Flights Are Cheap, But Iceland Is Expensive. Here's How to Budget.



March 8, 2017
Caroline Lupini

Are you one of the millions of travelers who are visiting Iceland this year? Have you been cautiously watching the rise of the Icelandic Krona in preparation for your trip? Are you caught in the void between "the airfare is basically free" and "Iceland is *so* expensive" and you're not sure which statement holds more weight for you? Fear not: here are some tips to financial survival in everyone's favorite (sub)arctic island.



Reasonably priced flights make Iceland an appealing destination for millions of tourists each year. But the country can easily break your bank if you're on a budget. From a glass of wine to a meal at a restaurant to a piece of clothing, everything will cost significantly more than you're used to paying in the US.

Heimildir: The Travel, Insider, Frugal Travel Guy

# Það hefur aldrei verið jafn ódýrt að fljúga til og frá landinu

Á sama tíma og krónan hefur styrkst hefur flugferðin til Íslands orðið ódýrari. Lækkandi flugfargjöld hafa vegið á móti hækkandi kostnaði við að dvelja hérna og þannig haldið niðri heildarverðmiðanum á Íslandsferðinni.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Áætlað miðað við þróun flugfargjalda á fyrri hluta ársins.

# Hærra olíuverð, hærri flugfargjöld, hægari vöxtur ferðamanna

Sögulega séð hefur olíuverð haft töluverð áhrif á farþegaflutninga á heimsvísu. Að undanförnu hefur hækkandi olíuverð ekki skilað sér í hærri fargjöldum, en hversu lengi geta flugfélögin borgað með hverjum farþega?




Heimildir: IATA

# Hvað þýðir það ef verðið hækkar? Hvað segja rannsóknir?

Að jafnaði virðast ferðamenn frá Ameríku vera næmastir fyrir verðbreytingum. Verðteygnin* er hinsvegar mismikil eftir áfangastöðum, til að mynda er teygnistuðullinn nokkuð hár innan Evrópu, enda tiltölulega auðvelt að breyta um ferðamáta. Fyrir Ísland skiptir flug milli Bandaríkjanna og Evrópu mestu máli enn sem komið er. Teygnistuðlarnir milli þessara áfangastaða sýna að viðbrögð ferðamanna eru hlutfallslega meiri en sem nemur verðbreytingunni. Verðteygni er þó ekki fasti og breytist með tímanum. Sem dæmi benda nýjar rannsóknir til þess að teygnin hafi eitthvað lækkað að undanförnu.

| Áfangastaður ferðamanna | Uppruni ferðamanna | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Afríka** | **Ameríka** | **Asía** | **Eyjaálfa** | **Evrópa** |
| **Afríka** | -0,282 | -3,081 | -0,579 | | -2,190 |
| **Ameríka** | -0,704 | -1,619 | -1,310 | -0,804 | -1,136 |
| **Asía** | -1,767 | -1,223 | -1,818 | -1,246 | -1,436 |
| **Eyjaálfa** | | -0,675 | -1,046 | -0,917 | -0,449 |
| **Evrópa** | | -1,374 | | -0,750 | -1,205 |

Heimildir: A Meta-Analysis of International Tourism Demand Elasticities. *Verðteygni er mælikvarði á hversu mikil áhrif verðbreyting á vöru eða þjónustu hefur á eftirspurn eftir henni. Ef teygni = 1 þýðir það að magnbreytingin er hlutfallslega sú sama og verðbreytingin. Ef stuðullinn er hærri en einn þýðir það að magnbreytingin er hlutfallslega meiri en verðbreytingin. Því hærri sem stuðullinn er, því verðteygnari er eftirspurn eftir vörunni.

# Eldri rannsóknir* IATA benda til töluverðrar verðteygni á flugleiðum yfir Atlantshafið

Nýjar rannsóknir benda hinsvegar til þess að teygnin hafi eitthvað minnkað, en að verð á flugleiðum yfir Atlantshafið skipti þó ennþá meira máli heldur en tíðni




Heimildir: Flightradar24, IATA. * Rannsókn frá árinu 2008.

# Ef flugfargjöld til Íslands hækka gæti það haft veruleg áhrif

## Fer allt eftir því hver verðteygni ferðamannanna er, hvort verð til Íslands hækki hlutfallslega meira en til annarra áfangastaða og hvort að annar kostnaður myndi lækka á móti, t.d. í gegnum veikingu krónunnar




Heimildir: Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Heimshagvöxtur er drifkraftur flugeftirspurnar

Að undanförnu hefur umræðan um viðskiptastríð milli Bandaríkjanna og Kína farið hátt, enda flestir sammála um að allir tapi þegar kemur að viðskiptahindrunum. Haldi ástandið áfram að stigmagnast getur það haft talsverð áhrif á farþegafjölda á heimsvísu og dregið úr vextinum.

| Neikvæð áhrif á heimshagvöxt | Tekjuteygni* farþega | | |
|---|---|---|---|
| | **1** | **1,3** | **1,8** |
| **-0,1%** | -0,1% (-4)** | -0,1% (-6) | -0,2% (-8) |
| **-0,4%** | -0,4% (-18) | -0,5% (-23) | -0,7% (-32) |
| **-1,1%** | -1,1% (-48) | -1,4% (-63) | -2,0% (-87) |

Áhrif áfalla á farþegafjölda á heimsvísu

- ársbreyting




Farþegafjöldi á heimsvísu

- miðað við tekjuteygni = 1, farþegafjöldi í milljörðum




Heimildir: IATA. * Tekjuteygni er mælikvarði á hversu mikið eftirspurn eftir vöru og þjónustu breytist þegar tekjur neytenda breytast. ** Tölur inn í sviga standa fyrir milljónir ferðamanna, þ.e.a.s. ef tekjuteygnin er einn og neikvæð áhrif á heimshagvöxt eru -0,1% þá verða ferðamenn á heimsvísu fjórum milljónum færri en ella.

# Hvað þýðir svartsýna sviðsmyndin fyrir Ísland?

Ef ferðamönnum fækkar um 18% hefur það veruleg áhrif á tekjusköpun greinarinnar. Ekki er tekið tillit til þess að krónan myndi að öllum líkindum gefa eftir við slíkt áfall, sem myndi tempra áhrifin sökum fækkunar ferðamanna.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Hér er ekki miðað við heildartekjur sem farþegaflutningar skila til þjóðarbúsins, aðeins þær tekjur sem falla til vegna farþega sem koma til landsins.

# Minni velta, færri störf

Að öllu óbreyttu gæti störfum fækkað verulega, þó áhrifin kæmu eflaust fram með meiri töf en hér er sýnt. Þá má vera að fyrirtæki myndu ekki bregðast við með því að fækka starfsfólki heldur frekar stytta vinnutíma.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Úr afgangi í halla

Afgangur af þjónustuviðskiptum, sem hefur verið burðarás viðskiptajafnaðar, myndi að öllu óbreyttu minnka allverulega. Viðskiptaafgangurinn gæti því hæglega snúist í halla. Líta má á sviðsmyndina hér að neðan sem verstu útkomuna, þar sem ekki er tekið tillit til áhrifa á innflutning.




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Leiðrétt áhrifum gömlu bankanna og Actavis.



# Á eftir flugi kemur gisting: Erum við búin að byggja of mikið af hótelum?

Gisting er stærsti einstaki útgjaldaliður ferðamanna. Hótel uppbygging hefur verið hröð undanfarin ár og hefur mikið bæst í hótelflóruna. Mörg ný verkefni eru hafin eða eru á teikniborðinu, en erum við búin að fara fram úr okkur?

# Hótelin eru burðarstólpar gistiþjónustunnar

## Um fjórar af hverjum tíu gistinóttum ferðamanna 2017 voru á hóteli






Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Þá er langflestum hótelgistinóttum á landinu varið á höfuðborgarsvæðinu

Hlutfallslega hefur vöxturinn þó verið minnstur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýtingarhlutföll hafa verið afar há. Frá 2010 hefur mesti vöxturinn verið á Suðurnesjum. Fjölgun ferðamanna á sama tímabili nemur 378%.




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Yfir vetrartímann er um 96% hótelgistinótta varið á Suðurnesjum, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu






Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Hótelherbergjum hefur fjölgað hlutfallslega meira á landsbyggðinni

## Þennan áratug hefur fjölgun hótela ekki fylgt fjölgun ferðamanna







Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Meðaldvalartími ferðamanna á hótelum virðist hafa styst verulega á höfuðborgarsvæðinu

## Framboðsskortur, styrking krónunnar og samkeppni við Airbnb hafa haft áhrif









Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Sé betur að gáð sést að dvalartími á hvern erlendan gest hefur nánast staðið í stað frá árinu 2014

## Ferðamenn styttu dvölina á hótelum á höfuðborgarsvæðinu mikið árið 2014 en síðan þá virðist dvölin nánast hafa staðið í stað




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Hverjir eru hvar?

Norðurlandaþjóðirnar, Bandaríkjamenn og Bretar verja flestum hótelgistinóttum á höfuðborgarsvæðinu. Ferðamenn frá Vestur- og Suður-Evrópu eru aftur á móti gjarnari til að gista út á landi ásamt Asíubúum.

Hlutfall hótelgistinótta þjóðernis á höfuðborgarsvæðinu




Hlutfall hótelgistinótta þjóðernis á landsbyggðinni




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Samsetningin hefur breyst mikið með fjölgun Bandaríkjamanna

## Af þeim tíu þjóðernum sem verja flestum hótelgistinóttum á landinu eru Kínverjar þeir einu sem hafa lengt dvalartímann hér á landi







Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa Greiningardeild Arion banka

# Týnda kynslóðin: Íslenskir ferðamenn

Íslenskir hótelgestir eru þeir þriðju fjölmennustu á hótelum landsins. Á fyrstu sjö mánuðum ársins vörðu Íslendingar fleiri gistinóttum á íslenskum hótelum enn nokkru sinni fyrr.









Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Framan af ári hefur gistinóttum fækkað í öllum landshlutum nema Suðurlandi og Vesturlandi

## Á sama tímabili fjölgaði ferðamönnum um tæp 5% á milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Samhliða því hafa nýtingarhlutföll hótelherbergja dregist saman

## Nýtingarhlutföll í höfuðborginni eru umtalsvert betri en á landsbyggðinni







Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Nýtingin er þó afar mismunandi eftir landshlutum

## Nýting á Suðurlandi og Suðurnesjum hefur sjaldan verið betri




Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Útlit fyrir því að hótelherbergjum muni fjölga talsvert á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2022

Útlit er fyrir að a.m.k. 1.200 hótelherbergi bætist við flóruna á höfuðborgarsvæðinu næstu fjögur árin. Þar að auki eru um 1.600 hótelherbergi komin mislangt á teikniborðinu.




| | Herbergi | Tímasetning | Staða |
|---|---|---|---|
| Icelandair Hafnarstræti | 70 | 2018 | Framkvæmdum lokið |
| Tryggvagata 14 | 107 | 2018 | Framkvæmdum lokið |
| Marriott Edition Reykjavik | 250 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Vegamótastígur 7-9 | 40 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Grensásvegur 16a | 75 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Hjálpræðisherinn | 30 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Laugavegur 95-99 | 90 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Laugavegur 176 | 120 | 2019 | Í þróun |
| Hlíðarendi | 446 | 2020 | Í þróun |
| Icelandair Parliament | 160 | 2020 | Framkvæmdir hafnar |
| Íslandshótel - Lækjargata | 125 | 2020 | Framkvæmdir hafnar |
| Laugavegur 55 | 52 | 2020 | Framkvæmdir hafnar |
| Barónsstígur (Radisson Red) | 195 | 2020 | Framkvæmdir hafnar |
| Skipholt 1 | 84 | 2020 | Framkvæmdir hafnar |
| Grandagarður 2 | 80 | 2020 | Í þróun |
| Strandgata HFJ | 126 | 2020 | Í þróun |
| Kársnes | 100 | 2020 | Í þróun |
| Hallarmúli 2 | 162 | 2021 | Í þróun |
| Grensásvegur 1 | 350 | 2021 | Í þróun |
| Grand hótel | 148 | 2022 | Í þróun |
| **Samtals:** | **2.810** | | |

Heimild: Hagstofa Íslands, Reykjavíkurborg, fréttamiðlar, Greiningardeild Arion banka

# Á landsbyggðinni er myndin óskýrari

Lítið til um áreiðanlegar upplýsingar aðrar en þær sem komið hafa fram í fjölmiðlum. Miðað við þau áform gæti markaðurinn á landsbyggðinni stækkað um tæp 40% á komandi árum.




| | Herbergi | Tímasetning | Staða |
|---|---|---|---|
| B59 Hotel - Borgarnes | 81 | 2018 | Framkvæmdum lokið |
| Hótel Örk - stækkun - Hveragerði | 78 | 2018 | Framkvæmdum lokið |
| Courtyard by Marriott - Keflavík | 150 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Eyraveg 11-13 - Selfoss | 70 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Hótel Vík - stækkun | 48 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Hótel Varmaland - Borgarfirði | 60 | 2019 | Framkvæmdir hafnar |
| Skerðingsstaðir - Grundarfjörður | 80 | 2020 | Í þróun |
| Álfaland - ONE - Austurland | 120 | 2020 | Í þróun |
| Hafnarstræti 80 - Akureyri | 150 | 2020 | Í þróun |
| Sjallinn - Akureyri - Íslandshótel | 120 | 2020 | Í þróun |
| Kirkjubraut 39 - Akranes | 55 | 2020 | Í þróun |
| Húsavík -Fakta Bygg | 200 | 2021 | Í þróun |
| Heyklif við Stöðvarfjörð | 40 | 2021 | Í þróun |
| Hlíðarfjall - Akureyri | 250 | 2021 | Í þróun |
| Fjallaböðin - Þjórsárdal | 40 | 2021 | Í þróun |
| **Samtals:** | **1.542** | | |

Heimild: Hagstofa Íslands, fréttaveitur, Greiningardeild Arion banka

# Spáum því að fjöldi hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu verði um 7.000 árið 2022

## Gangi spá okkar eftir mun hótelherbergjum fjölga um 43% frá árslokum 2017






Heimild: Hagstofa Íslands, Reykjaíkurborg, fréttamiðlar, Greiningardeild Arion banka

# Við gerum ráð fyrir áframhaldandi fjölgun hótelgistinótta

## Aukið framboð ásamt hægari vexti í komum erlendum ferðamanna leiða aftur á móti til lækkandi nýtingarhlutfalls






Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Fórum við fram úr okkur í hóteluppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu?

Miðað við Norðurlöndin virðumst við fremur vera nálgast jafnvægi sem gæti gengið til lengri tíma. Dvalartími ferðamanna hefur aftur á móti styst mikið undanfarin ár og mun hann ráða för varðandi framtíðarþróun.

**Þróun nýtingar: bjartsýn sviðsmynd**
Aðeins núverandi framkvæmdir kláraðar, ferðamenn lengja dvalartímann á hótelum lítillega




**Þróun nýtingar: svartsýn sviðsmynd**
Öll þróunarverkefni raungerast, ferðamenn stytta áfram dvalartímann






Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka



# Hvernig stendur hótelmarkaðurinn í erlendum samanburði?

Hvað þýðir lækkun nýtingarhlutfalla?

# Vægi erlendra ferðamanna á hótelum er með því hæsta í Evrópu

## Norðurlandaþjóðirnar reiða sig meira á hótelgistingu heimamanna




Heimild: Eurostat, Greiningardeild Arion banka. *Miðað við nýjustu fáanlegu gögn frá Eurostat

# Höfuðborgarsvæðið komið á svipaðar slóðir og Norðurlöndin yfir sumartímann

## Nýting í Reykjavík er að jafnaði betri yfir vetrartímann en í öðrum höfuðborgum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagstofur Norðurlandanna, Greiningardeild Arion banka

# Nýting hótelherbergja á landsvísu er mjög góð í evrópskum samanburði

## Árstíðarsveiflan er áþekk því sem sést á Norðurlöndunum




Heimild: Eurostat, Greiningardeild Arion banka

# Gangi spá okkar eftir er útlit fyrir að nýting á höfuðborgarsvæðinu verði áfram prýðileg í alþjóðlegum samanburði




Heimild: Hagstofa Íslands, PwC, Benchmarking Alliance Greiningardeild Arion banka

# Verð eru aftur á móti orðin mjög há

Verð gistingar hefur rúmlega tvöfaldast síðasta árstuginn. Verðlag hótela og veitingastaða hérlendis er með því hæsta sem sést í Evrópu.







Heimild: Hagstofa Íslands, Eurostat, Greiningardeild Arion banka

# Meðalhótelnóttin í Reykjavík kostaði tæplega 27.000 kr. í sumar

## Frá 2015 hafa verðin utan háannatímans hækkað nokkuð hraðar en yfir sumartímann




Heimild: Hagstofa Íslands, Benchmarking Alliance, Greiningardeild Arion banka

# Dýrust á Norðurlöndum

## Hækkandi verð í krónum samhliða styrkingu krónunnar hefur leitt til þess að hótelherbergi í höfuðborginni eru að jafnaði orðin dýrari en á Norðurlöndunum




Heimild: Benchmarking Alliance, Hagstofur Norðurlandanna, Greiningardeild Arion banka,

# Meðalverð íslenskra hótelherbergja er sambærilegt og í Amsterdam og London

## Hafa ber í huga að enn eru engin fimm stjörnu hótel í Reykjavík sem skekkir samanburð




Heimild: Hagstofa Íslands, PwC, Greiningardeild Arion banka



# Deiliheimilin ryðja sér til rúms...

...en farið að bera á vaxtarverkjum

# Gömul saga og ný: Airbnb hefur vaxið fiskur um hrygg

Vöxturinn verið sérstaklega kraftmikill á landsbyggðinni. Erfitt er þó að leggja tölulegt mat á raunverulegan fjölda gistinótta á Airbnb þar sem gögn Airdna og Hagstofunnar segja ólíka sögu. Þannig var hlutdeild Airbnb í heildargistinóttum 21% árið 2017 miðað við gögn Hagstofunnar en 31% ef miðað er við gögn Airdna.







Heimild: Hagstofa Íslands, Airdna.com Greiningardeild Arion banka
*jan-agú

# Virðist vera minni árstíðarsveifla í verði Airbnb

## Þá eru að jafnaði fleiri gistirými í hverri Airbnb eign og hver og ein gistinótt því nokkuð ódýrari







Heimild: Hagstofa Íslands, Airdna.com, Greiningardeild Arion banka

# Farið að bera á vaxtarverkjum

Eftir mikinn vöxt s.l. tvö ár virðist vera sem að umsvif Airbnb séu farin að minnka. Þannig hefur gistinóttum á Airbnb fækkað fimm mánuði í röð og meira en hótelgistinóttum.




Heimild: Hagstofa Íslands, Airdna.com, Greiningardeild Arion banka

# Framboð virkra eigna á Airbnb hefur einnig dregist saman*

Sterkt raungengi, hert regluverk og aukin samkeppni við hótel hafa mögulega dregið úr hvatanum til að leigja út eignir í gegnum Airbnb. Þá hefur hvati aukist til þess að selja fasteignir vegna hækkandi fasteignaverðs.







Heimild: Hagstofa Íslands, Airdna.com, Greiningardeild Arion banka. *Rannsókn Seðlabanka Íslands bendir til þess að heildarfjöldi Airbnb eigna sem voru í reglulegri útleigu árið 2017 hafi verið 752-1.898 á höfuðborgarsvæðinu og um 204-902 á landsbyggðinni. Áætlaðar tölur Hagstofunnar fyrir árið 2016 benda til sambærilegrar niðurstöðu.



# Rekstur gististaða þyngist

Þróunin á þessu ári bendir til þess afkoma hótela muni versna, að öðru óbreyttu

# Tekjur hótela á höfuðborgarsvæðinu hafa nánast staðið í stað á þessu ári, þrátt fyrir framboðsaukningu




Heimild: Hagstofa Íslands, Benchmarking Alliance, Greiningardeild Arion banka. * Nær til rúmlega 80% af markaðinum á höfuðborgarsvæðinu

# Herbergistekjur í sumar voru nánast óbreyttar frá árinu 2016

## Utan háannarinnar hafa tekjur á hvert herbergi aftur á móti lækkað á þessu ári




Heimild: Hagstofa Íslands, Benchmarking Alliance, Greiningardeild Arion banka. *jan-maí

# Í erlendum samanburði eru tekjur á hvert hótelherbergi með því hæsta sem sést í Evrópu

## Tekjur á hvert hótelherbergi á Íslandi er góð í samanburði






Heimild: Hagstofa Íslands, PwC, Greiningardeild Arion banka

# Ársreikningar stærstu hótelkeðjanna benda til þess að afkoma hafi versnað árið 2017

Miðað við þróun tekna og nýtingar fyrstu átta mánuði 2018 eru vísbendingar um að afkoma í hótelgeiranum muni versna, að öðru óbreyttu. Hálfsársreikningur Íslandshótela gefur aftur á móti til kynna að afkoma hafi batnað verulega á milli fyrstu sex mánaða á þessu ári samanborið við sama tímabil árið áður.

Rekstrarniðurstaða þriggja hótelkeðja*

- m.kr.




Heimild: Hagstofa Íslands, ársreikningar, Greiningardeild Arion banka
* Icelandair Hótel, Íslandshótel, Keahotels

# Eiginfjárstaða gististaða hefur hins vegar aldrei verið betri

## Miklar hækkanir á verði fasteigna skýra bætta eiginfjárstöðu að einhverju leyti






Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka



# Skjótt skipast veður í lofti

Ferðaþjónustan hefur farið úr fimmta gír í þann þriðja á skömmum tíma. Hvað veldur? Er gírkassinn að gefa sig?

# Flugfélögin eru ekki að stækka jafn hratt

Stærsta ástæðan fyrir því að hægt hefur á komum ferðamanna til landsins er sú að leiðarkerfi íslensku flugfélaganna er ekki að stækka jafn hratt og áður. Hvert flugfélögin fljúga og tíðni fluga ræður mestu um samsetningu ferðamannastraumsins til landsins.







Heimildir: Icelandair Group, WOW air, Túristi.is, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# Skiptifarþegum fjölgar hlutfallslega meira en farþegum til landsins

Önnur þróun sem á sinn þátt í hægari vexti ferðaþjónustunnar er vaxandi vægi skiptifarþega. Í raun má segja að spár um umferð um flugvöllinn hafi gengið eftir, en aukinn fjöldi skiptifarþega hafi komið á óvart og valdið því að ferðamannaspár til landsins hafi verið of bjartsýnar. Að einhverju leyti má rekja þessu þróun til nýrra áfangastaða í leiðarkerfum flugfélaganna, en einnig hversu dýr áfangastaður landið er orðið.




Heimildir: Isavia, Greiningardeild Arion banka

# Einn dýrasti áfangastaður í heimi: 3ja stjörnu vísitalan

Fyrir hinn hefðbundna ferðamann eru fáir staðir í Evrópu jafn dýrir og Ísland, bæði vegna sterkrar krónu og hækkandi verðlags




Heimildir: Priceoftravel.com, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Innifalið er ódýrt 3ja stjörnu hótel, ein stutt leigubílaferð, þrjár tiltölulega ódýrar máltíðir, þrír bjórar á bar og ein menningarleg afþreying. Verð er miðað við maí, háannatíminn er dýrari. Miðað er við gengið þann 18. september.

# 3ja stjörnu vísitalan brotin niður

Ein nótt á 3ja stjörnu hóteli, á mann




Þrjár tiltölulega ódýrar máltíðir, á mann




Þrír bjórar á bar/skemmtun




Ferð á safn/menning, á mann




Heimildir: Priceoftravel.com, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka.

# Helsta óánægjan með Íslandsferðina er hversu dýr hún er

Út frá Ferðamannapúls Gallup eru erlendir ferðamenn almennt ánægðir með Íslandsferðina. Helsti undirliðurinn þar sem má merkja verulega breytingu er hvort ferðin hafi verið peninganna virði, eitthvað sem helst í hönd við raungengið.




Heimildir: Gallup, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# This is the most expensive tourist destination in the WORLD

THE MOST expensive tourist destination in the world has been revealed thanks to its strengthening currency making it a pricey holiday choice for British travellers. Surprisingly, it isn't London.

By KARA GODFREY
PUBLISHED: 16:41, Tue, Jun 19, 2018 | UPDATED: 19:44, Tue, Jun 19, 2018



Most expensive tourist destination: Which country is the priciest? (Image: Getty)

The most expensive tourist destination in the world may come as a surprise to many.

According to Bloomberg, Iceland is now one of the priciest locations for a holiday.

## Hvað þýðir þessi vafasami titill fyrir neysluhegðun erlendra ferðamanna?

Rannsóknir benda til þess að neysluhegðun og dvalartími ferðamanna sé viðkvæmari fyrir verðhækkunum en ákvörðunin um að koma til landsins. Þetta á sérstaklega við um lítil eyríki.

# Tekjuáhrifin virðast lítil: Tiltölulega litlar breytingar á dvalartíma

Þegar ferðalagið verður dýrara bregðast margir ferðamenn við með því að stytta dvalartímann. Þegar litið er á allar gistinætur á landinu, skráðar og óskráðar, virðast áhrifin enn sem komið er vera lítil þó merkja megi samdrátt í ár.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Airdna, Greiningardeild Arion banka. *Áætlun Greiningardeildar fyrir árið 2018. Óskráðar gistinætur skipast í gistinætur sem er greitt fyrir í gegnum vefsíður s.s. Airbnb, ógreiddar gistinætur í bílum og innigistingu sem er ógreidd s.s. hjá vinum og ættingjum.

# Staðkvæmdaráhrifin eru meiri: Ferðamenn færa sig í óskráðar gistinætur

Ef aðeins er horft á skráðar gistinætur, þar sem hótel og gistiheimili vega þungt, má sjá að hver ferðamaður er að dvelja skemur en áður. Ef hinsvegar allar gistinætur, skráðar og óskráðar, eru teknar saman sést að lítil breyting hefur orðið á dvalartímanum. Þetta bendir til þess að þegar verð t.d. á hótelum og gistiheimilum hækkar, bæði í gegnum hærra verð og sterkari krónu, færa ferðamenn sig í auknum mæli í ódýrari gistingu t.d. í Airbnb.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Airdna, Mælaborð ferðaþjónustunnar, Greiningardeild Arion banka. * Sumarið 2018 framreiknað miðað við nýjustu tölur. ** Hér nær vetur frá september til og með apríl.

# Skráðar gistinætur: Hverjir eru viðkvæmastir fyrir gengisbreytingum?

Samkvæmt þessum servíettuútreikningum eru Bandaríkjamenn einna minnst viðkvæmir fyrir verðbreytingum. Hafa ber þó í huga að krónan hefur styrkst einna minnst gagnvart Bandaríkjadal. Þau þjóðerni sem eru hvað viðkvæmust fyrir gengisbreytingum eru Finnar og Mið-Evrópu þjóðir, en þessi þjóðerni stytta dvalartíma sinn verulega, eða færa sig í meira mæli í ódýrari gistingu, þegar krónan styrkist.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Þeir sem eru næmastir eru þeir sem dvelja lengst…

Hegðun Japana er sérstaklega áhugaverð en þeir hafa virðast ekki viðkvæmir fyrir gengisbreytingum og hafa í raun lengt dvalartíma sinn, eina þjóðernið ásamt Kínverjum, þrátt fyrir að dvelja hlutfallslega lengi á landinu. Finnar eru einnig áhugaverðir fyrir þær sakir að þeir virðast verulega viðkvæmir fyrir gengisbreytingum þrátt fyrir að dvelja stutt á landinu.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa, Greiningardeild Arion banka

# …dvelja hlutfallslega mest fyrir utan höfuðborgarsvæðið…

Þessi niðurstaða kemur í sjálfu sér ekki á óvart en er neikvæð fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni, þ.e.a.s. að þau þjóðerni sem sækja mest út fyrir höfuðborgarsvæðið eru þau sem eru einna viðkvæmust fyrir gengisbreytingum.

Dvalartími ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við heildardvöl
- skráðar gistinætur




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# … greiða mikið fyrir Íslandsferðina…

Því lengri sem dvalartíminn er, því dýrari er ferðin. Þjóðverjum, Frökkum og Hollendingum virðist þó ganga ágætlega að halda kostnaði við Íslandsferðina niðri, þrátt fyrir langan dvalartíma. Athyglisvert er að sjá að á meðan flest þjóðerni draga saman virðist sem hver Breti sé farinn að eyða meira en áður, í sinni eigin mynt.

Þjónustuútflutningur á hvern ferðamann eftir þjóðerni
- í krónum á föstu gengi heimagjaldmiðils ferðamanna




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# … en eyða hlutfallslega litlu á dag

Þeir sem dvelja skemur eyða meiru á skráða gistinótt, enda styttri tími til að gera sem mest og oft dýrt að dvelja á höfuðborgarsvæðinu.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Vetrargisting farin að teygja sig út á land

Árið 2011 var um 78% skráðra gistinótta yfir veturinn á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við 60% í fyrra. Ferðamenn virðast því færa sig í auknum mæli út úr höfuðborginni fyrir vetrarmánuðina. Litlar breytingar hafa orðið yfir sumartímann.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Áætlað með þróun gistinótta á hótelum.

# Hvert eru þá ferðamennirnir að fara? Á Suðurlandið

Yfir vetrarmánuðina sækja ferðmenn í auknu mæli á Suðurland og Suðurnes á meðan litlar breytingar hafa orðið á öðrum svæðum. Þetta sýnir að samþjöppunin hefur öll orðið á suðvesturhorni landsins, þvert á markmið um betri dreifingu ferðamanna.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka. * Höfn í Hornafirði er talin með Austurlandi til og með 2014.

# Óskráðar gistinætur segja svipaða sögu, samþjöppun á Suðvesturhorninu

## Þeir sem eru að fara út fyrir höfuðborgarsvæðið fara á Suðurland







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Hótelgistinætur fyrir árið í ár sýna að þessi þróun heldur áfram

Athyglisvert að sjá að hægt hefur á þessari þróun, þ.e.a.s að höfuðborgarsvæðið hefur haldið nokkurn veginn velli milli 2017 og 2018, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Mögulega spilar hér inn í að nýting á höfuðborgarsvæðinu var mjög há og því lítið um laus pláss síðustu tvö ár.







Heimildir: Hafstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Hvað með neysluna? Hver ferðamaður er að eyða færri krónum

Neysla í heimamynt ferðamanna virðist hinsvegar hafa haldið nokkurn veginn velli, hvort sem er á ferðamann eða gistinótt. Árið 2017 var fyrsta árið þar sem hver ferðamaður eyddi minna í sinni eigin mynt.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Airdna, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Nýjustu tölur benda til þess að hver ferðamaður sé að eyða fleiri krónum en áður

Á sama tíma hefur neyslan í erlendri mynt staðið nokkurn veginn óbreytt.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, RSV, Greiningardeild Arion banka

# Kortaveltutölurnar sýna að neyslan er breytileg eftir þjóðernum

Á fyrstu átta mánuðum ársins hefur kortavelta Breta til að mynda aukist verulega, mögulega vegna þess að Bretar eru farnir að klippa út milliliðum og kaupa sjálfir ferðir og afþreyingu. Yfir heildina hefur hinsvegar kortaveltan á hvern erlendan ferðamann verið að dragast saman það sem af er ári.




Heimildir: Hagstofa Íslands, RSV, Seðlabanki Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Neyslumynstrið er að breytast – frá veitingastöðum í lágvöruverslanir

Lægri flugfargjöld hafa gert ferðamönnum kleift að nýta stærri hluta útgjalda í upplifanir. Verslun hefur einnig gefið nokkuð eftir, s.s. gjafa- og minjagripaverslun og tollfrjáls verslun.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, RSV, Greiningardeild Arion banka

# Hversu mikið magn eru ferðamennirnir að kaupa?

Til að átta sig á hversu mikið magn hver og einn ferðamaður er að kaupa þarf að leiðrétta fyrir verðlagsáhrifum. Til að mynda hefur verð á gistiþjónustu hækkað um 53% frá árinu 2010 og verð á veitingaþjónustu um 33% skv. vísitölu neysluverðs. Hver ferðamaður er því ekki endilega að fara oftar á veitingastaði þó að hann eyði hærri upphæð, einfaldlega þar sem hann þarf að borga meira fyrir hverja máltíð. Þegar búið er að leiðrétta fyrir verðlagi koma staðkvæmdaráhrifin skýrt fram, frá veitingastöðum og skráðri gistingu, yfir í ódýrari kosti.







Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

# Af hverju skiptir neysluhegðunin máli?

Af því að við getum ekki lengur treyst á að tekjuvöxtur ferðaþjónustunnar komi í gegnum aukinn fjölda ferðamanna. Árið 2017 eyddi til að mynda hver ferðamaður nokkuð minna í sinni eigin mynt en það koma að sjálfu sér ekki að sök þar sem vöxtur í komum ferðamanna var mun meiri. Heildartekjur þjóðarbúsins jukust því því töluvert.




Heimildir:

# Ferðaþjónustan stendur frammi fyrir áskorunum

Jafnvel þótt ferðamönnum haldi áfram að fjölga eru rekstrarskilyrðin erfið.



**Umsvif íslensku flugfélaganna hefur mikið að segja um þróun fjölda ferðamanna.**




**Krónan er sterk og Íslandsferðin er dýr. Hver ferðamaður eyðir færri krónum en áður.**



**Eftir því sem hægir á komum ferðamanna fara aðrir þættir að skipta meira máli. Ekki er lengur hægt að treysta á tekjuvöxt í gegnum fjölgun ferðamanna.**



**Flugfargjöld eru of ódýr og þau þurfa að hækka. Ef krónan helst áfram sterk hvað gerir ferðamaðurinn þá?**



**Í sviðsmyndagreiningu er áhættan meiri niður en upp á við.**




**Útlit er fyrir að nýtingarhlutföll á höfuðborgarsvæðinu muni lækka á komandi árum með auknu framboði.**

# Tengiliðir

**Elvar Ingi Möller**
elvar.moller@arionbanki.is

**Erna Björg Sverrisdóttir**
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

**Þorsteinn Andri Haraldsson**
thorsteinn.haraldsson@arionbanki.is

**Forstöðumaður Greiningardeildar**
Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

# Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann,  dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.